



Frjálslyndi
Lýðræðisflokkurinn

SJÁVARÚTVEGUR

Auðlind í eigu þjóðar

Það sem þarf að laga

- Stórútgerðin þarf að fara eftir lögum um fiskveiðar þ.e. kvótapakið.
- Útgerðin verður að fara eftir skattalögum og greiða 20% tekjuskatt af þeim hlunnindum sem útgerðinni er afhent árlega.
- Virðisaukaskattur verði settur á leiguverð kvóta.
- Stoppa verður hringamyndun stórútgerðar í fyrirtækjarekstri.
- Handfæraveiðar eiga að vera frjálssar og leyfa á sölu “Beint frá báti”.
- Brottkasti á afla verður að stöðva með hvötum.
- Útræðisrétt sjávarjarða verði virtur á ný og staðfestur í lögum um stjórn fiskveiða.

Veiðiheimildir = Hlunnindi?

Reglur ríkisskattsjóra

- Telja ber til skattskyldra tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum, svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.
- Öll hlunnindi og fríðindi sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til einkaparfa eru lögð að jöfnu við laun til viðkomandi og ber að telja til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, nema um þau gildi sérstakt matsverð samkvæmt árlegu skattmáti ríkisskattstjóra.
- Ef hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, er látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmátið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

Veiðiheimildir – hlunnindaskattur?

Lögum nr. 90/2003 í II. kafla: Skattskyldar tekjur.

- 7. gr. Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:
 9. Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.
- Það eru engar undanþágur frá skattlagningu á hlunnindum fyrir útgerðafélög né önnur félög.
- Hlunnindaskattur er 20% tekjuskattur á fyrirtæki.

Sjávarútvegur

- Allur fiskur kæmi að landi og það sem fer venjulega í brottkast yrði einnig að koma að landi án viðurlaga/sekta og selt á markaði og sá söluágóði yrði notaður við rekstur Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar. Viðurlög við umframveiði og brottkasti verði hert.
- Eigendur og áhafnir íslenskra fiskveiðiskipa og fyrirtæki sem hafa veiðirétt í sameiginlegri auðlind þjóðarinnar skulu eiga lögheimili á Íslandi og borga hér skatta og skyldur.
- Raunverulegir eigendur – Gerð verður krafa til fyrirtækja í sjávarútvegi að upplýsa um raunverulega eigendur fyrirtækjanna og kaupendur.
- Ríkið eigi alltaf forkaupsrétt á öllum hlutabréfum sjávarútvegsfyrirtækja sem eru með yfir 5% af heildarkvóta hvers byggðarlags til að vernda íbúa sveitarfélagsins fyrir stóráföllum vegna sölu aflaheimilda. Gildi hvort heldur um sölu hlutabréfa eða sölu skips með aflaheimildum.

Sjávarútvegur

- Handfæraveiðar í strandveiðikerfi verði frjálssar öllum íslenskum ríkisborgurum fyrir báta 10 metra að lengd og styttri og hámark sjálfvirkra handfæravinda verði fjórar fyrir einn mann í áhöfn. Jafnframt verði þeim heimilað að stunda veiði með 6 handfæravindum ef ráðinn er einn aðili aukreitis af skrá Vinnumálastofnunar.
- Handfæraveiðar verði heimilaðar frá sumardeginum fyrsta til fyrsta vetrardags. Í ár er sumardagurinn fyrsti, 22 apríl og fyrsti vetrardagur er 23 október sem þý ca. 6 mánuðir.
- Makrílveiðar verði frjálssar innan 10 sjómílna fyrir smábáta að 15 metrum.
- Fyrirkomulag vegna veiða á grásleppu verði óbreytt (ekki kvótasett).

Sjávarútvegur

- Hringamyndun verði bönnuð í sjávarútvegi.
- Stórútgerðarfyrirtæki og tengd fyrirtæki gætu ekki átt í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum og rofið kvótaþakið á þann hátt, hvort sem er í einstökum fisktegundum (20%) eða heildaraflapaki (12%).
- Öll opinber gjöld af björgunarbúnaði verði felld niður.
- Eignarréttindi sjávarjarða í netlögum og hlutdeild þeirra í sjávarauðlindinni verði virt og netlög vegna fiskveiða og sjávargróðurs verði miðuð við dýptarviðmið Jónsbókarlaga sem eru 4 faðmar eða 6,88 metrar á stórstraumsfjöru.
- Útræðisrétt sjávarjarða verði virtur á ný og staðfestur í lögum um stjórn fiskveiða.